STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1981

Nr. 2. 2 13. febrúar 1981.

LÖG

um breyting á lögum, nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: **Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**

1. gr.

6. og 7. töluliðir A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna verði 7. og 8. töluliðir, en við bætist nýr töluliður er verði 6. töluliður og orðist svo:

Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim, er hafa tekjur skv. 1. málsgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri, heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæranna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

1. töluliður E-liðs 1. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

a) Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
b) Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

3. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við skattlagningu á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu lán með sjálfskuldarábyrgð til tveggja ára eða lengri tíma lögð að jöfnu við sambærileg fasteignaveðlán að því er varðar frádráttarbærni vaxtagjalda, sbr. 1. tölulið E-liðs 1. mgr. 30. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík 13. febrúar 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.